

AUGLÝSING

um reglur um sóknardaga fiskveiðiárið 1995/1996.

1. gr.

Útgerð krókabáts, sem stundar veiðar með sóknardögum, eru heimilir alls 47 sóknardagar á öðru, þriðja og fjórða veiðitímabili fiskveiðiársins 1995/1996. Sóknardagarnir skiptast þannig eftir tímabilum:

- 2. tímabil; febrúar - apríl: 21 dagar
- 3. tímabil; maí - júní: 13 dagar
- 4. tímabil; júlí - ágúst: 13 dagar

2. gr.

Útgerð báts ræður hvaða daga innan hvers veiðitímabils hún nýtir til sóknar. Allar veiðar krókabáta eru þó bannaðar á föstum banndögum, sbr. þó 1. og 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 403, 20. júlí 1995, um veiðar krókabáta fiskveiðiárið 1995/1996. Fastir banndagar á fiskveiðiárinu 1995/1996 eru eftirfarandi:

- Febrúar: 9., 10., 11., 23., 24., 25.
- Mars: 8., 9., 10., 22., 23., 24.
- Apríl: 2. til 8., að báðum dögum meðtöldum, 12., 13., 14., 26., 27., 28.
- Maí: 10., 11., 12., 24., 25., 26.
- Júní: 7., 8., 9., 21., 22., 23.
- Júlí: 12., 13., 14., 26., 27., 28., 30., 31.
- Ágúst: 1. til 5., að báðum dögum meðtöldum, 9., 10., 11., 23., 24., 25.

3. gr.

Skipstjóri krókabáts skal tilkynna Fiskistofu fyrirfram um hvern dag eða samliggjandi daga, sem nýttir eru til sóknar. Tilkynning skal send á sama sólarhring og veiðiferð hefst, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 403, 20. júlí 1995, um veiðar krókabáta fiskveiðiárið 1995/1996 og áður en lagt er úr höfn.

Skipstjóri skal einnig tilkynna Fiskistofu um lok veiðiferðar. Það skal gert eftir að bátur er kominn til hafnar og fyrir lok sóknardags, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 403, 20. júlí 1995, um veiðar krókabáta fiskveiðiárið 1995/1996.

Valdi vélarbilun, óveður eða aðrar óviðráðanlegar ástæður því að bátur kemur til hafnar eftir miðnætti á sóknardegi telst nýr sóknardagur þó ekki nýttur ef tilkynning um komu í höfn berst fyrir kl. 02 á þeim degi, enda hafi Fiskistofu borist skriflegar skýringar sem hún metur gildar, innan 7 daga frá tilkynningu.

Heimilt er að afturkalla tilkynningu um sóknardag, enda sé það gert innan tveggja klukkustunda eftir að tilkynning um nýtingu sóknardags, sbr. 1. mgr., var send Fiskistofu, að öðrum kosti telst sóknardagur nýttur. Ekki er heimilt að afturkalla tilkynningu um sóknardag, nema bátur sé í höfn þegar afturköllun er send Fiskistofu og aldrei er heimilt að afturkalla tilkynningu um sóknardag hafi veiðarfæri verið sett í sjó.

Tilkynningar og afturkallanir tilkynninga samkvæmt þessari grein og tilkynningar samkvæmt 2. og 3. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 403, 20. júlí 1995, um veiðar krókabáta fiskveiðiárið 1995/1996, skulu sendar Fiskistofu með því að hringja úr tónvalssíma í sjálfvirkan þjónustusíma Fiskistofu, símanúmer 904 1010. Við tilkynningar og afturköllun tilkynninga skal nota sérstakt lyklnúmer, sem Fiskistofa úthlutar útgerðum krókabáta, sem stunda veiðar með sóknardögum.

4. gr.

Útgerð krókabáts, sem stundar veiðar með sóknardögum, er heimilt að flytja ónýtta sóknardaga frá öðru veiðitímabili yfir á þriðja og fjórða veiðitímabil. Útgerðir skulu tilkynna Fiskistofu skriflega um flutning sóknardaga fyrir upphaf þriðja veiðitímabils.

Sóknardagar, sem fluttir eru á þennan hátt, skulu margfaldaðir með stuðlinum 0,5 og broti sleppt. Þannig umreiknuðum sóknardögum skal skipt jafnt milli þriðja og fjórða veiðitímabils. Stakir dagar skulu falla á þriðja veiðitímabil, nema útgerð báts hafi óskað annars í flutningstilkynningu. Flutningur sóknardaga öðlast ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest hann skriflega.

5. gr.

Brot á reglum þessum varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Um gjald vegna ólögsmæts sjávarafla skal beita ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992.

6. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 403/1995, um veiðar krókabáta fiskveiðiárið 1995/1996, öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. febrúar 1996.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. janúar 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.